

Áveitan

1. tbl. 6. árgangur. Janúar 2012

HSK mót 8. janúar

Aldursflokkamót HSK 11–14 ára og Unglingamót HSK 15 – 22 ára verður sunnudaginn 8. janúar nk. kl. 10:00 – 14:00 í

Laugardalshöllinni í Reykjavík. Keppa má að hámarki í 6 greinum á báðum mótunum. Að auki má keppa í boðhlaupi þar sem boðhlaup er í boði. Við hjá Þjótanda viljum senda sterkt lið til keppni og þess vegna hvetjum við sem flesta til að mæta og sýna hvað í þeim býr. Aðstæður í Laugardalshöllinni eru þær bestu á landinu og gaman fyrir alla að prófa aðstöðuna. Ef næg þátttaka næst þá verður pöntuð rúta fyrir keppnisliðið.

Skráningar þurfa að berast til Guðmundu Þjálfara fyrir miðnætti föstudaginn 6. janúar, annað hvort í símanúmerið 846-9775 eða á netfangið guo22@hi.is.

ÁFRAM ÞJÓTANDI



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason

Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ég sendi íbúum Flóahrepps nær og fjær bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakka fyrir gott samstarf á nýliðnu ári. Ég vona að nýtt ár verði ykkur öllum bæði gjöfult og gott.

Fréttir frá sveitarstjórn og skrifstofu hafa birst í fréttablaðinu Áveitunni um hver mánaðarmót til að halda lesendum sem best upplýstum um það sem helst er á döfnni hverju sinni. Einnig eru fundargerðir, ýmsar fréttir og auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is fyrir þau ykkur sem hafið tök á að nýta ykkur tölvutæknina.

Nú er ný heimasíða væntanleg en verið er að leggja lokahönd á hana. Ef einhver lumar á góðum hugmyndum um efni fyrir heimasíðuna þá má endilega koma þeim á framfæri.

Íbúar eru einnig hvattir til að senda upplýsingar um hvaðeina sem er á döfnni til að nota heimasíðuna sem upplýsingaveitu, t.d. á viðburðadagatalið.

Það eina sem þarf að gera er að senda upplýsingar, fréttir og/eða auglýsingar til sveitarstjóra á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Einnig má senda fréttir og upplýsingar um hvaðeina sem íbúum dettur í hug að eigi erindi til sveitunga.

Stjórnsýslan

Skrifstofa Flóahrepps er opin á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 9:00-16:00 og á föstudögum frá kl. 9:00 – 13:00.

Skiptiborð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.floahreppur.is

Netfang sveitarstjóra er floahreppur@floahreppur.is

Netfang oddvita er adalsteinn@floahreppur.is

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar kl. 20:00, fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg.

Erindi sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa að berast fyrir hádegi á föstudegi fyrir fundardag.

Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00, sími 486-1145.

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags- og byggingarfulltrúa er: www.sveitir.is þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags- og byggingarnefnda.

Uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur, Hveragerði og Ölfus reka sameiginlega félagsþjónustu sem ber nafnið Velferðarþjónusta Árneshvíls. Velferðarþjónustan er með þrjár starfsstöðvar og einn sameiginlegan félagsmálastjóra og eina velferðarnefnd sem fer með málefni félagsþjónustu og barnaverndar.

Félagsmálastjóri Árneshvíls er María Kristjánsdóttir. Hún er með aðsetur að Sunnumörk 2, Hveragerði og síma 483-4000, netfang maria@hveragerdi.is.

Félagsráðgjafi á starfssvæði Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir með aðsetur í Laugarási, Bláskógabyggð. Hún er með síma 480-5300 og netfangið nanna@laugaras.is.

Fulltrúi Flóahrepps í velferðarnefnd er Alma Anna Oddsdóttir, alma@mattur.is

Fræðslunefnd Flóahrepps heldur fundi einu sinni í mánuði. Formaður fræðslunefndar er Elín Höskuldsdóttir, elin@floahreppur.is.

Sími hjá hundafangara Flóahrepps, Ragnari Sigurjónssyni er 859-9559.

Sími hjá vaktmanni Vatnsveitu Flóahrepps er 862-6848.

Fjárhagsáætlun 2012

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2012 að loknum tveimur umræðum.

Í áætlun er gert ráð fyrir 3,5% verðlagsbreytingum og 3,5% launahækkunum í samræmi við kjarasamninga.

Áætlun fyrir A og B hluta gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús. kr.:

Heildartekjur:	424.483
Rekstrargjöld:	409.604
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3.877)
Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta:	11.002
Veltufé frá rekstri	26.647
Fjárfesting ársins	32.200
Afborgnir langtímalána	7.082

Í A-hluta sveitarfélags er tilgreindur fjárhagur þeirrar starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum. Í B-hluta sveitarfélags eru tilgreind fyrirtæki sveitarfélaga, stofnanir og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, eins og kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum.

Tilboð í tryggingar Flóahrepps

Í október var óskað eftir tilboðum í tryggingar Flóahrepps.

Tilboð bárust frá þremur tryggingarfélögum, Sjóvá, Tryggingarmiðstöðinni og Vátryggingarfélagi Íslands og samþykkti sveitarstjórn að taka tilboði lægstbjóðanda, Tryggingarmiðstöðvarinnar.

Ferðamálafulltrúi Flóahrepps

Sveitarstjórn hefur óskað eftir aðild að samstarfi um ferðamálamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu. Starf ferðamálafulltrúans hefur verið afar jákvætt og gott og skapað svæðinu jákvæða ímynd í augum ferðamanna.

Vegur að Flóðgátt

Flóahreppur og Flóaaáveitan fengu á árinu styrk frá Vegagerðinni til að lagfæra slóða að flóðgáttinni, upptökum Flóaaáveittunnar við Hvítá. Árið 2010 fékkst einnig styrkur frá Vegagerðinni til framkvæmdarinnar. Slóðinn hefur verið lækkaður, breikkaður og lagfærður og útskot gerð þar sem bílar geta mæst ásamt því að setja á hann tvær niðurkeyrslur. Framkvæmdum er nú að mestu lokið.

Áhugi er fyrir því að auka hróður þessa merka framtaks sem Flóaaáveitan var, með því m.a. að hafa vegslóðann að flóðgáttinni þannig að hann sé fær flestum bílum. Við flóðgáttina er fyrirhugað að setja upplýsingaskilti því aðsókn ferðafólks að flóðgáttinni er vaxandi en um er að ræða eitt hið merkasta verkfræðilega mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í á þeim tíma.

Hestur í óskilum

Brúnn hestur er í óskilum í Syðri-Gróf. Hesturinn er taminn, frekar spakur og með ógreinilegt frostmark á hægri síðu. Frekari upplýsingar veitir Bjarni Pálsson í síma 846-3411. Einnig er hægt að hringja á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn miðvikudaginn 1. febrúar 2012 í kaffistofu fjárhúss Egilsstaðskots kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf.

Á fundinum verður lögð fram tillaga að breytingu á 6. grein laga félagsins. Tillaga að bæta við:

Aukafundi skal kalla saman ef 10 félagar óska þess skriflega. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukafundar má hafa helmingi styttri en til reglulegs aðalfundar. Rétt til setu á aukafundi hafa allir skráðir félagsmenn. Á aukafundi má ekki gera lagabreytingar. Að öðru leiti gilda almenn fundarsköp.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Krakkaborgarfréttir

Kæru sveitungar

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla.

Í desember var margt brallað í leikskólanum og má þar fyrst nefna jólaleikritið um Grýlu og jólasveinana sem kom til okkar þann 5. des en hún Þórdís Arnljótsdóttir kom og sýndi okkur þetta skemmtilega verk við mikla kátinu barna og starfsfólks.

Þann 7. des fóru börn og starfsfólk út í garð til að ná sér í jólatré. Fyrst var kveikt upp í bálstæðinu okkar og sungin nokkur jólalög þar. Þegar því var lokið komu 2 villtir jólasveinar í heimsókn og hjálpuðu börnunum við að ná í jólatréð og það var sungið og dansað í kringum nýja tréð. Einnig fengu börnin mandarínur frá þessum skrítnu sveinum.

Hið árlega jólaball Krakkaborgar var haldið í Þingborg þann 13. des og var gaman að sjá hversu margir foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir sáu sér fært að mæta. Séra Sveinn Valgeirsson kom og sagði börnunum jólasögu, tónlistarnemendur úr Tónlistarskóla Árnessýslu fluttu nokkur lög, Regnbogakórinn söng 2 lög og svo var sungið og dansað í kringum jólatréð. Jólasveinar kíktu við og tóku dansinn með í kringum tréð og gáfu börnunum mandarínur. Að lokum var kaffisamsæti í boði Foreldrafélags Krakkaborgar og færum við öllum foreldrum barnanna bestu þakkir fyrir góðar veitingar. Einnig fengum við gesti til okkar í desember sem vildu kynna sér starfið hjá okkur og leist þeim vel á það.

Bestu kveðjur

Rannveig Bjarnfinnsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

BOWEN

Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)
Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélagi Flóahrepps verður haldin laugardagskvöldið 14. janúar 2012 í Þjórsárveri kl. 21:00. Veislustjóri verður Óðinn Örn.

Anton Páll Níelsson verður með fyrirlestur.

Verðlaunaveiting félaganna. Veitt verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Frítt verður inn og veitngar seldar á vægu verði.

Ekki verður posi á staðnum, gott að hafa með sér seðla.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Námskeiðið Stælboð í Þjórsárveri

Þann 13. janúar kl. 20:30 nk. mun Kvenfélag Villingaholtshrepps halda Stælboð fyrir konurnar í kvenfélaginu. Námskeiðið er örnámskeið um fatastíl. Kennari námskeiðsins er Olga Soffía Einarsdóttir, stílisti. Á námskeiðinu er m.a. fjallað um útlit, fatnað, fataskápa, skemmtilegar verslunarferðir o.fl. o.fl.

Í stælboðið skaltu hafa með þér 1 uppáhaldsflík og 2-3 aðrar sem þú hefur keypt en eru ónotaðar. Verð á hvern þátttakanda er 3.900 kr en kvenfélagið greiðir niður 1.000 kr fyrir hverja konu.

Skráning er hjá Margréti í síma 868-6705 eða margret@bssl.is fyrir 11. janúar n.k.

Skemmtinefnd

Kvígur til sölu

Kvígur til sölu á Brúnastöðum. Áhugasamir hafi samband við Ketil í síma 866-3317 eða Ágúst Inga í síma 899-5494.

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn miðvikudagskvöldið 11. janúar klukkan 21:00 í Þingborg. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Fyrirhugaður er fyrirlestur um hrossaliti. Nýir félagar velkomnir. Kaffi og meðlæti verður selt á staðnum.

Félagsgjöld: Stjórnin vill góðfúslega minna félagsmenn á að greiða félagsgjald síðasta árs sem er 1500 kr. með því að leggja inn á reikning: 0152-05-260163 og kennitala félagsins er 520310-0370. Heimasiða félagsins: www.hross.weebly.com

Stjórnin

Frá Flóaskóla

Við í Flóaskóla óskum lesendum Áveitunnar gleðilegs nýs árs og þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á nýliðnu ári.

Árið hefur sannarlega verið viðburðarríkt í skólanum. Nú erum við orðinn heildstæður grunnskóli í fyrsta sinn þ.e. kennum nemendum í 1.-10. bekk hér við skólann.

Nemendafjöldi hefur aukist heldur frá því sem var en nú eru skráðir ríflega 90 nemendur við skólann. Samhliða auknum nemendafjölda hefur starfsfólki einnig fjölgað. Nú sækja rúmlega 100 manns nám og vinnu við Flóaskóla á morgnana :-)

Það er virkilega gott fyrir alla sem að skólastarfinu koma að finna fyrir velvild og stuðningi frá íbúum sveitarfélagsins. Þessi stuðningur er ómetanlegur og ýtir undir gott skólastarf. Starfið er lifandi og í stöðugri þróun. Með nýju ári koma ný verkefni, ný tækifæri og mögulega nýjar hindranir. Í sameiningu leysum við þessa þætti og náum fram því besta hjá hverjum og einum. Þannig höfum við tækifæri á að bæta hæfni nemenda okkar til að takast á við þau verkefni, tækifæri og hindranir sem á vegi þeirra verða í lífinu.

Góðan skóla og jákvæðan skólabrag mynda allir í sameiningu - nemendur, starfsfólk og allir þeir sem að skólastarfinu koma á einn eða annan hátt.

Bestu óskir um gæfu og farsæld á nýju ári.
Hulda Kristjánsdóttir, deildarstjóri í Flóaskóla

Frá Umf. Baldri

Þrettándagleði

Laugardagskvöldið 7. janúar ætlum við að koma saman og kveðja jólin með tilheyrandi brennu. Kveikt verður í kl 20:30. Boðið verður uppá veitingar og farið í bingó og ýmsa aðra leiki. Viljum við hvetja sem flesta til að mæta.

Tekið verður á móti brennuefni á laugardaginn 7. janúar á milli klukkan 13.00 og 16.00. Svo nú er kjörinn tími til að taka aðeins til í kringum sig og brenna draslið. Þeir sem eru uppteknir á þessum tíma en vilja losa sig við drasl geta haft samband við Guðmund í síma 844-1091 eða Baldur í síma 867-3538/776-3538.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Þorrablót 2012

Nú styttist verulega í skemmtilegasta kvöld ársins en hið stórskemmtilega og sívinsæla Þorrablót í Þingborg verður haldið laugardaginn 28. janúar 2012. Hljómsveitin Stuðlabandið mun leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá.

Brátt mun koma í pósti hefðbundin auglýsing um miðapantanir og fleiri mikilvægt atriði í sambandi við blótið. Bíðið því spennt, þússið dansskóna og æfið gömlu dansanna.

Árgjald Umf. Baldurs

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2011. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvít Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða lambastadir@emax.is

Kvennasport

Kvennasport hjá Huldu er kl. 20-21 á mánudagskvöldum (Þjórsárver) og miðvikudagskvöldum (Þingborg). Byrjuðum aftur eftir jólafrí þann 4. janúar. Nýjar konur á öllum aldri velkomnar!

Bestu kveðjur

Hulda Kristjánsdóttir íþróttافرæðingur

gsm: 866-3245 / hulda@floaskoli.is

Kvenfélag Hraungerðishrepps:

Herbergiskvöld í Þingborg

Herbergiskvöld verður þriðjudagskvöldið 10. janúar og fimmtudagskvöldið 26. janúar kl: 20:00. Valdís í Hjálmholti verður með spennandi uppskriftir af hannyrðum. Fjölmennum nú í litla herbergið okkar í Þingborg með handavinnu, spil eða bara til að spjalla.

Sjáumst hressar.

f.h. stjórnar Veronika N.

Dagur kvenfélagskonunnar

Í tilefni af degi kvenfélagskonunnar sem er miðvikudagurinn 1. febrúar ætlum við að gera okkur glaðan dag og hittast á Kaffi Krús kl: 20:30 sama dag og fá okkur hressingu, láta dekra við okkur og hafa gaman.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Þorablót í Þjórsárveri 2012

Okkar árlega þorablót verður haldið í Félagsheimilinu Þjórsárveri laugardaginn 04.02.2012. Húsið opnar kl. 20:30 og borðhald hefst kl. 21:00. Eftir hefðbundin skemmtiatriði mun hljómsveitin Stuðlabandið halda uppi stuði og stemmningu með gömlum dönsum.

Miðapantanir eru hjá Kollu 486 33 04 / 863 19 61 og Píu 486 33 52 / 849 54 89. Panta þarf miða í síðasta lagi þriðjudaginn 31. janúar.

Forsala aðgöngumiða verður í Þjórsárveri föstudaginn 03. febrúar kl. 16:00- 18:00.

Nefndin

Fréttir frá Umf. Vöku:

Þrettándagleði Umf Vöku

Nú er komið að því að við ætlum að kveðja jólahátíðina með stæl. Föstudagskvöldið 6. janúar n.k. verður haldin Þrettándagleði Umf. Vöku og hefst skemmtunin stundvíslega klukkan 20:00. Skemmtunin hefst á skemmtiatriðum úr smiðju ungra félagsmanna og verður spennandi að sjá á hverju krakkarnir taka upp á þetta árið. Að því loknu verður flugeldum skotið upp og síðan verður spilað bingó þar sem veglegir vinningar verða í boði. Aðgangseyrir er sem hér segir:

Fullorðnir 800 kr

Börn 7–12 ára 500 kr

Börn yngri Frítt

Láttu þetta ekki framhjá þér fara! Hlökkum til að sjá ykkur!

Umf. Vaka

Verðlaunahafar í spurningaleik Velvakanda

Dregið hefur verið úr réttum svörum í spurningaleik Velvakanda sem var á krakkasíðunni í ritinu. Sú heppna er Kolbrún Katla Jónsdóttir í Lyngholti og mun henni berast glaðningur frá félaginu á næstu dögum.

Svör við gátum í Velvakanda

Gáta 1: Stokkur: spilastokkur, stokkur (á stökkabelti), stokkur (stafur), eldspýtustokkur

Gáta 2: Tennur

Gáta 3: Skot: byssuskot, ástarskot, skúmaskot, glappaskot

Gáta 4: a) Sveinn, b) Gestur, c) Karl

Gáta 5: Fjöður

Gáta 6: Höfuðfat

Gáta 7: Ekkert

Gáta 8: Skeið: vindskeið, skeiðgangur, skeið, æviskeið

Gáta 9: Lína: (lína í pólitík), fiskilína, lína (í sirkus), Lína (konunafn)

Gáta 10: Lag: sönglag, lag (sæta lagi), lag (vera laginn), allt vill lagið hafa.

Gáta 11: Klukkur: vekjaraklukkur, kirkjuklukkur, þrjónaklukkur, hrafnaklukkur

Gáta 12: Blað: sagarblað, hnífsblað, augablað (á bíl), dagblað, laufblað

Velvakandi er enn til sölu hjá Fanneyju. Verð 1000 kr.

Fréttir frá Aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárveri 2. janúar kl 20:30. Á fundinn mættu 17 félagar. Fundarstjóri var Tómas Karl Guðsteinsson og fundarritari Erla Björg Aðalsteinsdóttir. Formaður og formenn nefnda lásu upp skýrslur sínar og gjaldkerinn Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Kosningar:

Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér aftur og voru niðurstöður kosninga á þessa leið:

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir.

Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir.

Ritari: Helga Björg Helgadóttir.

Formaður íþróttanefndar: Tómas Karl Guðsteinsson.

Formaður skemmtinefndar: Laufey Einarsdóttir.

Formaður ritnefndar: Fanney Ólafsdóttir.

Varastjórn: Bjarni Már Ólafsson, Ingunn Harpa Bjarkadóttir og Erla Björg Aðalsteinsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Kristján Gestsson og Bjarki Reynisson til vara.

Varamaður á héraðsþing: Tómas Karl Guðsteinsson

Verðlaunaafhendingar:

Bikar fyrir besta afrek skamkvæmt alþjóðastigatöflu hlaut Haraldur Einarsson fyrir 60m hlaup innanhús sem hann hljóp á 7,11sek sem hann fékk 904 stig fyrir. Bikar fyrir besta afrek samkvæmt unglingsstigatöflu hlaut Ýmir Atlason en hann stökk 2,05m í langstökki án atrennu og fyrir það fékk hann 975 stig. Haraldur Einarsson var valinn íþróttamaður ársins fyrir einstaklega góðan árangur í frjálsíþróttum á árinu. Félagsmálabikarinn hlaut Kristín Stefánsdóttir. Við afhendinguna hafði stjórnin þetta að segja;

“Eins og svo margir aðrir er Kristín mjög dugleg við að mæta á viðburði Umf Vöku en einnig vinnur hún mikilvægt starf fyrir félagið á bak við tjöldin. Kristín er alltaf boðin og búin til að rétta fram hjálparhönd þegar það vantar aðstoð og er vön að lána okkur allt sem okkur vanhagar um. Til dæmis hefur varla verið sett upp það leikrit, smátt eða stórt, án þess að helmingur leikaranna hafi verið íklæddur búningum sem Kristín hefur lánað okkur eða saumað fyrir okkur. Á hverju hausti stendur hún svo yfir pottunum og síður mikið magn af mör sem hún svo gefur ungmennafélaginu til þess að við eigum nægt magn af hamsatól þegar kemur að skötuveislunni.

Hún er virkur og jákvæður ungmennafélagi og viljum við með þessum verðlaunum þakka Kristínu fyrir velvildina í okkar garð í gegnum árin og vonumst einnig til þess að þau hvetji hana til áframhaldandi góðra starfa fyrir félagið okkar.”

Önnur mál:

Margt var rætt og líflegar umræður áttu sér stað. Meðal annars möguleika á að betrubæta innanhússmótið. Bæði til að þess að draga að fleiri þátttakendur og breiðari aldurshóp. Skólahreysti var nefnt í því samhengi. Þá var einnig rætt um að endurvekja hjólarallý í sumar og að félagið verði með sjoppu í Þjósárverri þar sem rekstraraðilar hafa hætt með hana. Fram kom að einn félagi gekk í lið með félaginu á árinu. Í hléinu voru bornar fram skúffukökur og mjólk í boði Hallfríðar Óskar Aðalsteinsdóttur, Kristínar Tómasdóttur og Fanneyjar Ólafsdóttur.

Úrslit af mótum

Áramót Fjölnis – Laugardalshöll 29.12.2011

Haraldur Einarsson

60 m. hlaup: 4. sæti 7,37 sek.

200 m hlaup: 5. sæti 23,58 sek.

Ársskýrsla Vöku komin út

Ársskýrsla Umf. Vöku fyrir árið 2011 er komin út og verður dreift til félagsmanna. Ef aðrir vilja eignast eintak geta þeir haft samband við Fanneyju formann ritnefndar og fengið sent eintak sér að kostnaðarlausu.

Frá Umf. Samhygð

Þrettándagleði í Félagslundi

Að kvöldi þrettánda dags jóla, föstudeginum 6. janúar, stendur Umf. Samhygð fyrir þrettándagleði í Félagslundi. Kveikt verður í bálkesti kl. 20:00 við Félagslund og síðan verður gengið til dagskrár í húsinu á eftir og verður meðal annars spilað Bingó. Allir velkomnir.

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 15. janúar. Fundurinn hefst kl. 13:30 og eru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Vonumst eftir að sjá sem flesta féлага.

Glíma

Glímuæfingar í Félagslundu hefjast aftur eftir jólafrí að kvöldi mánudagsins 9. janúar. Þær verða með svipuðu sniði og fyrir áramót, Stefán Geirsson þjálfar og hver æfing stendur í klukkutíma, frá 20:00 til 21:00. Áhugasöm ungmenni í Flóahreppi eru hvött til koma og kynnast glímuíþróttinni ef þau hafa ekki áður gert það. Framundan eru Grunnskólamót HSK 1. febrúar, Héraðsmót HSK og fleiri mót. Sjáumst hress á nýju ári.

Glímukona ársins

Marín Laufey Davíðsdóttir glímukona úr Umf. Samhygð hefur verið valin glímukona ársins af Glímusambandi Íslands. Umsögn stjórnar GLÍ er svohljóðandi:

Marín Laufey er 16 ára gömul og átti frábæru gengi að fagna á glímuvellinum árið 2011. Marín sigraði Íslandsglímuna 2011 og hlaut þar með Freyju-menið í fyrsta sinn, varð tvöfaldur Íslandsmeistari, leiddi sveit HSK til sigurs í sveitaglímuni auk fjölda annara sigra. Marín er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan.

Marín hefur einnig verið valin glímumaður HSK fyrir árið 2011 og er henni hér með óskað hjartanlega til hamingju með þessar útnefningar sem hún er afar vel komin að .

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin laugadaginn 28. jan. 2012 í reiðhöllinni á Þjórsárþakka kl.14.00.

Þáttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning í síma Þorsteinn Logi S: 8674104 thorsteinn82@simnet.is eða Óðinn Örn S: 8661230 foli72@gmail.com

Skráningfrestur rennur út kl 22.00 26. jan. 2012. Koma verður fram IS-númer, móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13.30

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA
STJÓRNIN.

Pistillinn

Jæja gott fólk, ég ætla nú að byrja á því að þakka honum Jóa granna mínum kærlega fyrir tilnefninguna. Ekki ætla ég að vera með predikun í þessum pistli heldur taka ykkur með í smá ferðalag.

Í sumar sem leið fór ég ásamt fleirum á æskuslóðir mínar sem eru austur í Fljótshlíð. Veður var gott logn, hlýtt og sólarlítið. Ætlunin var að fara í “hagagöngu” sem við og gerðum. Nokkrir bílar voru með í för og var því hægt að velja um hvort farið væri gangandi eða bílandi.

Mig langaði að þræða gömlu leiðina að “heiman” og upp að fjárhúsum en þær ferðir voru ófáar í minni æsku. Styttsta leiðin var fyrir norðan nýja fjósið á Kirkjulæk, þar yfir girðingu og inn á tún nágrannans en núna varð ég að fara allskonar krökaleiðir út af einhverjum hríslum á víð og dreif sem allt í einu hafa sprottið þar upp úr jörðinni en ég gafst ekki upp og braust í gegnum skóginn en þá tók við vel girt rafmagnsgirðing, í mínum ungdóm var þar vinaleg netgirðing sem ég þurfti að klofa yfir en núna þorði ég ekki að reyna það og skreiddi því undir hana eins og hin versta meinárarolla. Þá var leiðin u.þ.b. hálfnuð og tók þá við landareign annars fyrrum nágranna, þar varð ég að feta mig á milli alls kyns landbúnaðartækja og síðan tóku við þessar finu þúfur í hallandi landi niður að læknum góða. Yfir lækinn varð ég að fara og fann ég þúfuna mína sem ég stökk alltaf af í gamla daga og hin þúfan hinum við lækinn var enn á sínum stað. Það kom nú smá hik á mig því eitthvað var lækurinn breiðari en mig minnti en ég lét vaða og tók undir mig stökk eitt mikið og sveif fagurlega yfir hann og lenti EKKI ofaní læknum heldur á þúfunni góðu hinum megin við lækinn. Síðan tók við brekkan upp að fjárhúsunum en fyrst varð ég að fara yfir skurð, ekki mjög breiðan. Ég notaði sömu aðferð og forðum, hoppaði yfir og greip í girðingarstaur hinum megin á skurðbakkanum, ég þekkti meir að segja staurinn sem ég greip í frá gamalli tíð en núna kvartaði hann sáran undan þunga mínum með háværu braki en rétt slapp við að brotna alveg. En hann blessaður eins og ég hefur náttúrulega elst um einhverja áratugi síðan ég var þarna á ferðinni síðast.

Ég ætla nú ekki að rekja þetta ferðalag mikið meir en við enduðum inn við Þríhyrning í gili sem heitir Hlaupagil, þar er afar sérstakur staður sem heitir Trekt, samanber nafninu er það eins og trekt í laginu með tærri vatnsuppsprettu í miðjunni þar var nestið borðað og síðan gengið til baka. Það var mjög gaman að ganga gamalkunnar götur og langaði mig að deila því með ykkur ágætu sveitungar en ég hef útbúið mér nýjar götur hérna í Bæjarhreppnum góða sem tók svo vel á móti mér bráðum fyrir 30 árum.

Að lokum segi ég gleðilegt nýtt ár sveitungar góðir og óska ég ykkur öllum alls hins besta á komandi ári.

Kristín Ólafsdóttir.

Ég vil biðja Andrés á Vestri Hellum um að skrifa næsta pistil.

Frjálsar fyrir lengra komna

Vegna mikillar eftirspurnar þá ætlum við hjá ungmennafélögunum að prófa nú í janúar að bjóða upp á æfingar fyrir lengra komna. Þegar talað er um lengra komna þá er átt við þá sem hafa einstaklega mikinn áhuga á því að bæta sig í frjálsum íþróttum og þá sem vilja auka styrk sinn og snerpu. Á æfingunum verður lítið sem ekkert um leiki en mikil áhersla lögð á styrktaræfingar og tækniæfingar. Allir eru velkomnir, óháð aldri, svo lengi sem þeir eru áhugasamir og vilja ná árangri. Stefnan er að hafa þessar æfingar á **fimmtudagskvöldum frá kl 18:00 - 19:30** í Þingborg. Fyrsta æfingin verður fimmtudaginn 12. janúar. Þjálfari er Guðmunda Ólafsdóttir. Ef mæting verður góð þá getur verið að þessar æfingar haldi áfram út vorið.

gó

ÞORRABLÓT GAULVERJA – ÞORRABLÓT GAULVERJA

Hið árlega hjónaball (þorrablót) Gaulverja verður haldið þann 28.jan. 2012 í Félagslundu. Húsið opnar kl. 20.00 og hefst borðhald kl. 20:30. Hjómsveitin Karma með Labba í broddi fylkingar, mun halda uppi fjörinu og Ole Olesen mun sjá okkur fyrir kræsilegum þorramat. Miðapantanir: Tóftir s: 486-3307, Holt s: 486-3407, Hólar: 483-1715, e.kl. 20 á kvöldin. Miðapantanir þurfa að hafa borist í síðasta lagi sunnudaginn 22. janúar. Miðaverð: 6500 kr. ATH! Ekki posi á staðnum

Sjáumst hress
Kv. Nefndin

Gaulverjabæjarkirkja

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 8. janúar kl. 14:00.

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri	3. janúar
Æfing yngri	4. janúar
Prettándagleði í Þjórsárveri	6. janúar
Prettándagleði í Félagslundi	6. janúar
Prettándagleði í Þingborg	7. janúar
HSK mót í frjálsum	8. janúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	8. janúar
Glímuæfing	9. janúar
Æfing eldri	10. janúar
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraungerðishr.	10. janúar
Æfing yngri	11. janúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishr.	11. janúar
Frjálsar fyrir lengra komna	12. janúar
Námskeið Kvenfélag Villingaholtshrepps	13. janúar
Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps	14. janúar
Aðalfundur Umf. Samhygðar	15. janúar
Glímuæfing	16. janúar
Æfing eldri	17. janúar
Æfing yngri	18. janúar
Frjálsar fyrir lengra komna	19. janúar
Glímuæfing	23. janúar
Æfing eldri	24. janúar
Æfing yngri	25. janúar
Herbergiskvöld Kvenfélag Hraungerðishrepps	26. janúar
Frjálsar fyrir lengra komna	26. janúar
Þorablót í Þingborg	28. janúar
Þorablót í Félagslundi	28. janúar
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villngah.hr.	28. janúar
Glímuæfing	30. janúar
Æfing eldri	31. janúar
Aðalfundur Hrossar.félags Villingaholtshr.	1. febrúar
Dagur kvenfélagskonunnar Kvenf. Hraung.hr	1. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	4. febrúar



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160